

Fundur hjá stjórn Prentsöguseturs fimmtudaginn 5.október 2023 kl.16:15, haldin að Lynghálsi 1.

Mætt voru: Tryggvi Þór Agnarsson Díana H. Sigurfinnsdóttir, Jón Trausti Harðarson og Ævar Rafn Kjartansson. Gestur fundarinnns Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholtsumdæmi.

Fundinn ritaði Díana H. Sigurfinnsdóttir.

Jón Trausti kynnti tilboð í spörslun og málningu fyrir rýmið í Skálholti og hvernig kostnaður myndi deilast á milli Skálholts og Prentsögusetur.

Kristján segir að allur peningur sé búinn á þessu ári. En á komandi ári muni koma inn fé til að halda framvæmdum áfram.

Kristján tilkynnir að fasteignasvið kirkjunar muni greiða fyrir spörslun og málningu á rýminu og einnig leggja gólfefni, eftir á að velja gólfefnið, verður gert í samráði við báða aðila. Settar verða upp innihurðir til að loka á milli rýma. Útidyrhurð er á leiðinni á komandi vikum. Búið er að draga rafmagn í rýmið.

Kristján hvetur stjórn til að leggja mikla áherslu á hluti á sýningunni, þeir dragi að. Hafa skjái með gangvirku efni. Skálholt eigi bækur frá öllum þeim prentsmiðjum sem sýningin á að taka til. Áhugavert væri að fá lausaletur frá Þjóðminjasafninu og hafa við hliðina á þeim bókum sem voru í raun prentaðar með letrinu, þ.e. fá letur sem hefur fundist í uppgröftum á viðkomandi stöðum.

Verið er að velta fyrir sér að setja upp sögusýningu á efri hæð hússins.

Kristján nefnir að gott væri að funda með framkvæmdastjóra Skálholts, Herdísí Friðriksdóttur sem hefur mikið um það að segja hvernig heildarútlitið mun koma til með að líta út hvernig verkið mun þróast af hálfu Skálholtsumdæmis.

Rætt um að vera frekar með skjái en spjöld á sýningunni. Fundarmenn sammála um að vera eingöngu með spjöld sé gamaldags og ekki nógu áhugavert.

Jón Trausti nefnir að við þurfum að sækja okkur meira fé.

Kristján kvaddi fundinn k.16:45 vegna anna.

Stjórn ræddi málin áfram.

Rætt um hvernig við eigum að ná okkur í meira fjármagn, finna þarf hvar er hægt að sækja um styrki.

Rætt um að taka saman gögn til að nota til að sækja um styrki. Ævar tekur að sér að útbúa beinagrind fyrir það efni.

Tryggi upplýsir að fastur kostnaður á mánuði er 59.000.- fyrir gámaleigu.

Tryggvi kynnir uppreiknað tilboð frá Íspan, S.Guðjónsson og Trausta Sigurðssyni, en þetta eru tilboð í borðin, hjálmar á borð og ljós. Í dag er talan um 4.2 milljónir. Tryggvi reiknar þó með að Ágúst geti fengið betra verð.

Næsti fundur áætlaður 25.október.

Fundi slitið 17:40